Reykjavík

Frístundaheimilið Regnbogaland

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 6
- Nóvember 6
- Desember 6
- Janúar 7
- Febrúar 7
- Mars 7
- Apríl 7
- Maí 7
- Júní 7
- Júlí 7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Regnbogalands auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar

- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.
- Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
- Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.

Tækifæri

- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	Starfsumhverfi - fræðsla
Umbótaþáttur/matsþáttur	Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
Tækifæri til umbóta.	• Skapa markvissari aðstæður til reglulegrar símenntunar og starfsþróunar starfsfólks. • Efla starfsþróunarsamtöl og nýta þau til að greina styrkleika, áhuga og fræðsluþarfir starfsfólks
Aðgerðir til umbóta.	• Allt nýtt starfsfólk horfir á nýliðafræðslu á Torginu ásamt því að sitja grunnfræðslu

	• Starfsfólk er tekið í starfsþróunarsamtal einu sinni á hverjum vetri auk þess sem nýliðar fá þrjú formleg stutt samtöl á reynslutímanum • Frístundalæsi og menntastefna frístundaheimila er kynnt fyrir nýju starfsfólki
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 - maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmeta eftir þörfum með samtali við einstaka starfsmann um gagnsemi samtala og umræðum á starfsmannafundum.
Viðmið um árangur.	Nýliðar fá þrjú stutt samtöl á reynslutíma Allt starfsfólk fær boð um starfsþróunarsamtal Hver starfsmaður sækir a.m.k. þrjár fræðslur yfir árið

Heiti aðgerðar:	**Áhugasvið barna og styrkleikar**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.
Tækifæri til umbóta.	• Virkja betur klúbbastarf í Regnbogalandi
Aðgerðir til umbóta.	• Vera með klúbb fyrir 3 og 4 bekk í hverjum mánuði sem þau velja sjálf. • Byrja með 4. bekkjar klúbb • Bjóða 1./2. bekk að minnsta kosti 1. klúbb á ári svo þau kynnist klúbbastarfi
Ábyrgð	Freyja og Lilja
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?)	• Endurmetið á barnaráðsfundum 3. og 4. bekkjar þar sem ákveðið er hvaða klúbba þau vilja. • 4. bekkjarklúbbur býr til dagskrá fyrir tvo mánuði í senn. • Fylgjast með áhuga og þátttöku barnanna og laga verkefni að þörfum þeirra og áhugasviði. • Leggja stutta könnun fyrir börnin þegar klúbbnum er lokið

	• Starfsfólk sem sér um klúbbinn ígrundar hann í lokin með krökkunum til að skoða hvort umbóta er þörf.
Viðmið um árangur.	• Klúbbar fyrir 3. og 4. bekk haldnir samkvæmt áætlun og kynning á klúbbum fyrir 1. bekk • Ánægja mælist 75% eða meiri samkvæmt könnunum sem lagðar eru fyrir börnin.

Heiti aðgerðar:	**Aðstaða**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna
Tækifæri til umbóta.	• Aukið rými til þess að bæta gæði starfsins • Bætt aðstaða fyrir börnin til að hengja upp fatnað og skila af sér töskum
Aðgerðir til umbóta.	• Fá meira rými hjá skólanum til að geta skipt barnahópnum meira upp • Óska eftir fundi með skólastjórnendum til þess að gera bæta við það rými sem Regnbogaland hefur til umráða • Lagfæra aðstöðu þar sem börnin geyma fatnað og töskur
Ábyrgð	Freyja og Lilja
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?)	• Um áramót er staðan tekin á því hvort aðstaða hafi batnað • Líðan barna metin út frá aðstöðumálum í nóvember og aftur í febrúar
Viðmið um árangur.	• Að Regnbogaland hafi fengið aukið rými þannig að möguleiki sé á að skipta hópnum meira upp. • Hafa aðgang að rými til að taka börn úr aðstæðum eða hafa róleg viðfangsefni

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Regnbogaland byggir starf sitt á hugmyndafræði Frístundalæsis og fléttar hana inn í daglegt starf með fjölbreyttum og markvissum hætti. Leitast er við að styrkja málþroska og læsisfærni barna með leik, skapandi starfi, reynslunámi og verkefnum sem höfða til áhuga þeirra og taka mið af einstaklingsbundnum styrkleikum.

Áhersla er lögð á fjölbreyttar birtingarmyndir læsis. Börnin fá þannig tækifæri til að afla sér þekkingar í gegnum eigin upplifanir, miðla hugmyndum sínum, efla samskiptafærni, vinna með öðrum og þróa sjálfstæða hugsun.

Í hverjum mánuði leggjum við sérstaka áherslu á eitt þema sem tengist frístundalæsistegund mánaðarins. Þemað verður rauður þráður í starfinu og unnið verður með það á fjölbreyttan og skapandi hátt í gegnum leik, samveru og smiðjur. Börnin fá tækifæri til að kanna, prófa sig áfram, skapa og læra saman. Stundum lýkur þemavikunni með sameiginlegri afurð eða uppskeru þar sem börnin fá að njóta þess sem þau hafa skapað eða lært

Í Regnbogalandi er einnig lögð rík áhersla á barnalýðræði og að börnin séu virkir þátttakendur í mótun starfsins. Mikilvægt er að þau upplifi að á þau sé hlustað og að hugmyndir þeirra og skoðanir hafi raunverulegt vægi. Áhugasvið, þarfir og hugmyndir barnanna eru því höfð til hliðsjónar þegar verkefni og viðfangsefni eru ákveðin. Með opnum samræðum, samvinnu og sameiginlegri ákvarðanatöku fá börnin tækifæri til að hafa áhrif, taka ábyrgð og þroska með sér lýðræðisleg viðhorf. Jafnframt er stuðlað að auknu sjálfstrausti, sjálfstæði og virðingu fyrir fjölbreyttum skoðunum og sjónarmiðum. Regnbogaland hóf vinnu við að verða Réttindafrístund Unicef haustið 2024 ásamt félagsmiðstöðinni Fjörgyn og Foldaskóla. Foldaskóli hefur ekki tekið þátt og því hefur formleg vinna við verkefnið stoppað.

Helstu dagsetningar

Ágúst
Sumarfrístund lýkur
Fyrsti dagur vetrafrístundar
Taka myndir af börnunum
Merkja snaga
Uppfæra merkingar
Barnaráðsfundur

September
Afmælishátíð – fyrir börn fædd í ágúst, september og október
Barnaráðsfundur

Október
Umferðavika
Vetrarfrí
Bleikur dagur
Hrekkjavaka
Félagslæsi
Hrekkjavökuföndur
Barnaráðsfundur

Nóvember
Dagur gegn einelti
Afmæli barnasáttmálans
Dagur íslenskrar tungu
Lista- og menningalæsi
Barnaráðsfundur
Leikskólaheimsókn
Jólaskreytingar

Desember
1. bekkur fer í jólaævintýri í Gufunesbæ
Opið hús

3 og 4. bekkur sér um opið hús um jól

Janúar
Leikskólaheimsókn
Þrettándinn
Afmælishátíð – fyrir börn fædd í nóvember, desember og janúar
Miðlalæsi
Bóndadagurinn
Þorrinn
Starfsþróunarsamtöl
Barnaráðsfundur

Febrúar
Vetrafrí
Samfélagslæsi
Dagur Íslenska táknmálsins
Öskudagur
Sprengidagur
Bolludagur
Konudagur
Barnaráðsfundur

Mars
Afmælishátíð – fyrir börn fædd í febrúar, mars og apríl
Vísindalæsi
Mottumars
Barnaráðsfundur

Apríl
Náttúru- og umhverfislæsi
Náttúrudagurinn
Barnamenningarhátíð
Leikskólaheimsókn
Barnaráðsfundur

Maí
Afmælishátíð – fyrir börn fædd í maí, júní og júlí
Heilsulæsi
Vorhátíð
4. bekkur útskriftarferð

Júní
Seinasti dagur í vetrarfrístund
Sumarfrístund hefst

Júlí
Sumarfrístund